

2. Tollskrárnúmer 9802.1000 til 9802.8000 gilda eingöngu vegna sölu áfengis í tollfrjálsar verslanir.
3. Tollskrárnúmer 9900.0012 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 2. tölul. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 445/1997, um tollafgreiðslu hraðsendinga, með síðari breytingum og tollskrárnúmer 9900.0013 gildir eingöngu vegna tollafgreiðslu hraðsendinga samkvæmt 3. tölul. 6. og 7. gr. sömu reglugerðar.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. tollalaga nr. 55/1987 og öðlast hún gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi fyrir mæli samkvæmt auglýsingu nr. 632/1997, um skráningu einingartölu vara í aðflutnings- og útflutningsskýrslu.

Fjármálaráðuneytinu, 2. júlí 2004.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Lilja Sturludóttir.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir málningarverksmiðju Slippfélagsins í Reykjavík, kt. 600269-0549. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir merðferð og förgun úrgangsefna á athafnasvæði sorpbrennslustöðvar Sorporkustöðvar Vestmannaeyja, kt. 481188-2539. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2016.

Umhverfisstofnun, 2. júlí 2004.

Árni Bragason,
staðgengill forstjóra.

Sigurbjörg Gísladóttir,
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.